Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bæjarreikningur - Fylgiskjöl 1874

Aðfnr. 2502, örk 2


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

B697-75

# Útasetningar

við

Reikning yfir tekjur og útgjöld Reykjavíkur Kaupstaðar árið 1874,

saminn af kaupmanni O. P. Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

§ 1.

Hvad þessa útásetninga snertir, þá hefi eg ekki ödru ad svara en því ad med því sektirnar hafa eigi verid innborgadar til mín, hefi eg verid neyddur til ad taka þær upp á eptirstödvar, en mér er þad óvidkomandi ad heimta þær inn.–

§. 2.

Um þessa útásetningu gildir sama og sagt er í §1.

§ 3

Hvad þetta snertir skal eg geta þess, ad ef eg í hvert skipti ætti fyrst ad fá leyfi fógeta til þess ad veita móttöku tekjuupphædum, gæti má ské þar af leitt, ad margir ekki borgudu vegna þeirrar tafar, sem af þessu orsakadist, og ef ad ödru leyti einhver af upphædum þessum skyldi vera skakkt tilfærd, getur hlutadeigandi skýrt mér frá því.

§ 4.

Til þessa hefi eg engu ad svara, þad kemur mér ekki vid þared eg ekki hefi selt neinn hlut, sem fátækrasjódur inn á, eg hefi ad eins tekid vid því, sem borgad hefir verid af verdi hans eptir skipun fógeta.–

§ 5.

Mismun þeim, er hér rædir um hefi eg eigi tekid vid, en skal færa hann til inntekta undir eins og þad skedur –

§ 6.

Hvad þessa grein snertir, hefi eg einsog vant er, farid eptir áætluninni: 1 Lán af Thorkelliisjódi; eru ad eins borgadar rentur af láni þessu; afskript af skuldabréfinu er ekki í mínum höndum og hefir aldrei verid.– 2 Lán til endurbótar slökkvitólanna er til hafnarsjódsins og er þess getid í kvittuninni. 3. 96 rd rentur af láni til adgjördar á barnaskólahúsinu er eins og ádur samkvæmt kvittaninni borgad til búnadarfélags sudurramtsins 42 rd og lækna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1.

Við tekjulið B I 3 stendur: ógoldnar sektir . . . . . 19 Rdl.
7 — „ — : ógoldnar skuldir og sektir 1873 . . 15 — 3 ß
II 3 — „ — : sektir og gjafir 1874 . . . . 78 — „

og

Undir eptirstöðvum fátækrasjóðsins:

3. töluliður: ógoldnar sektir . . . . . 19 Rdl.
6. — „ — : ógoldnar sektir og skuldir 1873 . . 15 — 3 ß
7 — „ — : ógoldnar sektir 1874 . . . . . 7 — „

við endurskoðunarmennirnir fáum ei séð, af hvaða ástæðu þessar sektir eigi fyrir löngu eru innheimtar.

2.

Við tekjulið B II 4 er hundaskattur fyrir árið 1874 talinn 21 rdl
Í eptirstöðvum fátækrasjóðsins 8 töluliður er hann talinn ógoldinn með . . . . . . . . 21 rdl
og fáum við eigi séð af hverri ástæðu ekkert hefir náðst inn af skatti þessum. –

3.

Við tekjulið B II 6. eru óvissar tekjur taldar samtals 242 rdl en gjaldkeri hefir eigi ætíð fengið skipun frá bæjarfógeta til að taka hinar einstöku upphæðir til inntektar. –

4.

Við tekjulið B IV sölu fátækrabæjarins athugast, að eigi verður séð, að til þeirrar sölu hafi verið leitað samþykkis æðra yfirvalds, sem þó virðist skylt samkvæmt tilskipun 20 April 1872. 19. gr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sjóðsins 54 rd og þannig er það tilfært í áætluninni.
4 Lán til Hlíðarhúsavegarins 24 rd rentur og afborgun
er til Hafnarsjóðsins, og er þess getið í kvittuninni
frá mér. 5. Meira lánið til skólavörðunnar er
ennþá ekki búið að taka og því eru að eins 8 rd.
borgaðir í rentur af bráðabyrgðaláni hjá Hafnar-
-sjóðnum og er þess getið á kvittuninni fyrir
hönd Hafnarsjóðsins. 6. Lán til Þjóðvegar er
samkvæmt skuldabréfi til Hafnarsjóðsins dags
31 Debr 1868 upprunalega að eins 800 rd, en er nú eptir
afborguninna 400 rd þaraf er rentur 8 rd og afborgun 16 rd alls
24 Rdl. tilfærðir á kvittuninni frá hafnarsjóðnum.
Síðara bráðabyrgðarlán 800 Rdl að upphæð, af því á
samkvæmt skuldabréfinu dags. 31 Debr 1873 að eins
að borga rentur en enga afborgun, því svo var
tilætlast að afborgun yrði eigi fyrri borguð af
láni þessu, en hið stærra fyrirhugaða lán
væri tekið til Þjóðvegar og Selsvegarins 1500 rd
en lán þetta hefir eigi ennþá verið tekið. –
7 Lán útaf þinghúsbyggingu; rentur og afborgun
hefir verið borgað samkvæmt kvittuninni. –

§ 7.

Undireins og eg hefi fengið listann yfir túnleigur-
-nar hefi eg sent út reikninga til viðkomenda,
og hefi ekki öðru uppá þetta að svara enn því,
að mér virðist það einnig æskilegt, að öll
túnleigan gæti verið innborgað í tæka tíð vegna
reikningsins fyrir hið næsta eptir fylgjandi ár. –

§ 8.

Að farið hefir verið framyfir áætlaðar upphæðir
í gjaldagreinum þeim, sem hér ræðir um, er ekki
mér að kenna, eg hefi að eins borgað út það, sem
hefir verið ávísað, og gjörst viðkomenda vare við
þegar komið hefir verið fram yfir áætlaðar upp-
-hæðir. – Hvað snertir II. 10 og 11. að minna hefir
verið útborgað til að borga rentur og afborganir
enn á var ætlað, þar sem áætlaðir voru til þessa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 5.

Við tekjulið B V athugast, að eigi verður séð, að verðmunur á konunglegu skuldabréfi uppá 100 rd og 100 ríkisdölum hafi verið greiddur inn aptur í bæjarsjóðinn.

# 6.

Við útgjaldalið I 15 afborgun af láninu með vöxtum athugast að annaðhvort þurfa afskriptir af skuldabréfunum að fylgja bæjarsjóðsreikningnum, eða líka að gjaldkeri verður að stíla svo kvittanirnar í hendur viðkomendum, að séð verði af þeim af hvaða láni, hvað hán, og hvað gömlu, rentur og afborgun það og það árið sé borgað, sem og hvert afdragið í röðinni það er, sem borgað er á því ári, sem um er að ræða.

# 7.

Við útgjaldalið V að því er snertir ógoldna túnleigu 1874, athugast að það virðist mjög æskilegt, að reynt verði til að fá inn alla túnleiguna svo tímanlega, að ekki þurfi á ári hverju að setja mikinn hluta hennar í eptirstöðvar. Að því er okkur er kunnugt, munu allir þeir, er túnleigu eiga að gjalda, eiga að hafa goldið hana í bæjarsjóð fyrir lok hvers árs, þó að þeir eigi missi tún sín nema því að eins, að þeir hafi vanrækt að borga gjald sitt fyrri en 3 mánuðir eru liðnir eptir ~~við~~ árslokin. — Það virðist og því hægra fyrir bæjarstjórnina að kippa þessu í liðinn, þar sem af þeim 28, sem þetta gjald hvílir á, að eins 8 eiga það óborgað við árslok, og af þeim sitja nú 4 í bæjarstjórninni, og ber þeim að borga meiri hluta þeirra útistandandi . . . . . . . . . 170 rd 2 ‡ 4/.

nefnilega Einari Þórðarsyni . . . 20 rd 1 ‡ 10/

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

738kr 13 sk. að viðbættum 1 kr. sem samlagning áætlunarinnar skakkaði - - - - - - - - - - - 739 kr. 13 a.
en að eins hafa verið brúkaðir - 659 kr. 13
þá kemur það af því að í áætluninni er áformað að taka ~~30kr~~ lán handa skólavörð- inni með 6% rentum og afborgun (30 kr) en lán þetta hefir ennþá ekki verið tekið, og því hafa að eins verið borgaðir 8 kr. í rentu af bráðabyrgðarláni því sem tekið hefir verið úr Hafnarsjóðnum, sem fyr er getið, ganga því frá 30 kr. upphæðinni - 22 - a
Sömuleiðis hefir eigi ennþá verið tekið hið stærra lán til þjóðvegar og Selsvegarins 1500 kr. að upphæð, svo að af því skyldi ennþá borga rentur og afborgun 114 kr. heldur að eins rentur af bráðabyrgðarláni hjá hafnarsjóðnum 56 kr. svo að þessi upphæð minkar um 58 739 kr. 13
og er þá þannig gjörð grein fyrir mismun þessum. Samanber að öðru leyti það, er eg hefi sagt við § 6. að framan. -

§ 9

þessa útásetningu álít eg mér óviðkomandi -

§ 10

þessi útásetning viðkemur bæjarstjórninni en ekki mér. -

Reykjavík þ. 24 September 1875

O. P. Möller

Að því er gjaldkera snertir hefir hann gjört grein fyrir útásetningunum vorum.

Reykjavík 7. Oktober 1875

H. Helgesen  [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fluttir 20rd 1ꝑ 10, 170rd 2ꝑ 4,

H. Kr. Fridrikssyni . . . . . 19 – 4 – 6.

Johannesi Olsen túnsleigu . . 31rd 2ꝑ 3,
gardleigu . . 3 – . – . 34 – 2 – 3.

Oddi Gíslasyni . . . . . . . 49 – 1 – 14. 123rd 4ꝑ 1,

Hitt annað sem eptir stendur er hjá

Berenhöft baxara leiga fyrir 2 tún 34rd . ꝑ 13,

Þorbjörgu Sveinsdóttur . . . . 4 – 5 – 9

Þeim í Melshúsum, Jóni Jónssyni og búi
Eiríks Jakobssonar . . . 1 – 3 – .

Gudmundi Lambertsen . . . 6 – . – 13, 46 – 4 – 3 170rd 2ꝑ 4,

8.

Fram yfir áætlunina hefir verið farið í þessum gjaldagreinum:

Útgjöld II, 1, b skrifstofuhald og fl. áætlaðir . . . . 25rd
brúkaðir . . . . . 30 – 2ꝑ – 5,
yfirstigið með = 5rd 2ꝑ 5,

— „ — II, 3, a. styrkur til sjúklinga á sjúkrahúsinu áætlaðir 50rd
brúkaðir = 52rd 4ꝑ 4,
yfirstigið með 2rd 4ꝑ 4,

— „ — II, 4, a. til vegabóta, aðgjörða á strætum, áætlaðir 450rd
brúkaðir . = . . 642 – 5ꝑ 7,
yfirstigið með = 192rd 5ꝑ 7,

— „ — II, 5. til þrifnaðar og snjómokstu[r]s etc. áætlaðir 150rd . .
brúkaðir 166 – 5ꝑ 9,
yfirstigið með = 16rd 5ꝑ 9,

— „ — II, 10 og 11. til borgunar vaxta og afdrags af
lánum eru áætlaðir . . . . . . . 738rd . – 13,
brúkaðir . . . 659 – . – 13
79rd

Hvernig á því stendur að her gangi af
fáum við ekki séð, sökum þess, að við hvorki
höfum afskriptir af skuldabréfunum, né
nægilega glöggar kvittanir fyrir oss.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Útgjöld III.1.c. til málleysingja og vitstola áætlaðir 130 rd.
brúkaðir . . . . 134 –

yfirstigið með 4 rd.

– . – III.1.d. til greptrunarkostnaðar ómaga
áætlaðir . . . 50 rd.
brúkaðir . . . 67 – 4 mk. 15.

yfirstigið með 17 rd. 4 mk. 15.

– . – IV.2.d. til eldiviðar og ljósa handa barnaskólanum áætlaðir . . . . 110 rd.
brúkaðir . . . . 114 – 1 mk. –

yfirstigið með 4 rd. 1 mk.

– . – II.14. til óvissra og óvæntra útgjalda áætlaðir 350 rd.
brúkaðir til ýmislegs . . . . 236 rd. 4 mk. 14
og þaraðauki til þjóðhátíðarhalds 908 – 1 – 11 1145 rd. – 9

er þessi gjaldagrein því yfirstigin með 795 rd. – 9.

## 9.

Við tekjulið D.2 athugast í sambandi við hið síðasta atriði, að þaraf sést að tekið hefir verið 700 rd. lán úr sparisjóði, en af reikningnum verður eigi séð að til þess láns hafi verið leitað leyfis æðra yfirvalds, sem áskilið er í tilskipun 20 Apríl 1872, 19. gr.

## 10.

Jafnvel þó að við við endurskoðun reikninga fyrri ára höfum óskað þess, að úrskurður bæjarstjórnarinnar á útásetningum við reikning hins næst undanfarna árs sé látinn fylgja næsta árs reikningi sem fylgiskjal.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefir þetta eigi enn þá verið gjört; finnst okkur það vera skylda okkar enn þá að ítreka þessa ósk, og jafnvel krefjast þess að þetta sé gjört framvegis, því að öðrum kosti getur endurskoðun reikninganna, ef til vill, eigi orðið fullkomlega áreiðanleg í ýmsum greinum.

Reykjavík 17. dag septembermánaðar 1875

H. E. Helgesen [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 14

Hjer með leyfi jeg mjer að senda yður skrá yfir hundatolla þá, er greiðast áttu í lögsagnarumdæmi Kaupstaðarins fardagaárið 18 73/74 samkvæmt tilskipun 25. Juni 1869. Af tollum þessum er enn ekkert komið inn. Eins og skráin ber með sjer er gjald það, sem renna á í bæjarsjóð 21 rdl. En af þeim munu ófáanlegir hjá Sigurði Felixsyni 1 rdl., og Einari Eyjólfssyni, - sem þiggur af sveit - 1 rd. — Gjaldið bið jeg yður að taka til inngjalds í reikningnum fyrir 1874 og færa þá aptur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til útgjalda, sem ógoldnar, eða miðal getinstörðva

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 28. jan 1875.

L. Sveinbjörnsson

Til hra bæjargjaldkera O. P. Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

...ke

1873.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur